

# Skýrsla til sveitarsjórnar frá sveitarstjóra, skrifstofu og stofnunum sveitarfélagsins

**Mars 2017**

Markmiðið með samantekt þessari er að efla upplýsingaflæði milli stofnana sveitarfélagsins, til sveitarsjórnar og til íbúa. Sveitarstjóri, forstöðumenn og starfsmenn skrifstofu taka saman helstu verkefni liðins mánaðar auk þess að gera grein fyrir áætluðum verkefnum komandi mánaðar. Það er von okkar að með þessu náist að varpa meira ljósi á það sem er í gangi í sveitarfélaginu á hverjum tíma og hvað er framundan. Hver og einn starfsmaður vinnur sinn part skýrslunnar og er engu breytt, því getur formið verið breytilegt.

## Frá sveitarstjóra – Andrea K. Jónsdóttir

Auk venjubundinna daglegra starfa voru verkefni sveitarstjóra helst þessi í mars:

Enn hefur ekki tekist að ráða í starf á skrifstofu sveitarfélagsins. Heiða lét af störfum nú um mánaðarmótin og erum við Salbjörg orðnar tvær eftir með skrifstofuna, við skiptum með okkur verkum þar þótt meira mæði á Salbjörgu. Áfram verður unnið að ráðningarmálum.

Esther Ösp tómstundafulltrúi sagði upp starfi sínu nú fyrir mánaðarmót, mun hún vinna út uppsagnarfrestinn og láta af störfum um mánaðarmótin júní/júlí. Unnið er að undirbúningi að því að auglýsa starf tómstundafulltrúa. Það gæti verið góður kostur gera eina stóra auglýsingu þar sem þessi tvö störf eru auglýst ásamt störfum í skóla og leikskóla.

Þann 1. Mars voru opnuð tilboð í síðari áfanga í viðbyggingu við Leikskólann Lækjarbrekku. Tveir buðu í verkið, Skrauthús ehf og Trésmiðjan Höfði ehf. Báðum tilboðum var hafnað þar sem þau voru talsvert yfir kostnaðaráætlun hönnuða en óskað var eftir viðræðum við lægstbjóðanda sem ver Trésmiðjan Höfði.

Unnið er það því að bæta net- og tölvukost í grunnskólanum og fengum við fund með Pétri hjá Fjölneti til að rafa yfir málin með okkur. Á þeim fundi kom fram að bæta þarf við og/eða efla senda fyrir þráðlaust net innan skólans og er Siggí Marri að leita tilboða í slíkt auk þess sem við vorum búin að fá tilboð frá Fjölneti. Einnig var ákveðið að leggja af notkun tölvuboxa í tölvuveri skólans og festa þess í stað kaup á 25 fartölvum til afnota fyrir nemendur. Töluverður tími farið í að skoða þau mál og erum við ekki komin að niðurstöðu þar. Einhverjar umkvartanir hafa borist vegna tölva sem keyptar voru um áramótin, greina þarf betur í hverju þær liggja áður en haldið er áfram.

Töluvert hefur verið um fundarhöld. Við höfum fundað í þrennum tilgangi með fulltrúum Reykhólahrepps og Dalabyggðar, þ.e. vegna svæðisskipulagsvinnu, vegna lögfræðilegrar aðkomu að ljósleiðarlagningu og vegna annarra (mögulegra) sameiginlegra mála þar sem við erum að þreifa á möguleikum á samstarfi á ýmsum vettvangi. Fulltrúar sveitarstjórnar hafa fundað vegna útboðs leikskólabyggingar (þar eru Jón Gísli og Haraldur vanhæfir og hafa Sigríður G. Jónsdóttir, Guðrún E. Þorvaldsdóttir og Hlíf Hrólfsdóttir tekið sæti í þeirra stað á þeim fundum). Forstöðumannafundur var haldinn í félagsheimilinu að þessu sinni og þar fór Salbjörg yfir starfssemi félagsheimilisins og sýndi okkur húsakynnin. Landsþing sambands sveitarfélaga fór fram í mánuðinum og sóttum við Jón Gísli það auk þess sem fulltrúar frá DK komu og héldu námskeið á kerfið fyrir starfsfólk skrifstofu. Auk þessa hef ég fundað með AtVest og BsVest á Ísafirði og í síma.

Nú í byrjun apríl verður töluvert um fundarhöld en bæði eru stjórnarfundi í BsVest og AtVest. Í tengslum við BsVest fundinn fer ég á Ísafjörð og verð þar líka á málstofu um klasa og klasavinnu á vegum Klasaseturs Íslands í samstarfi við ýmsa aðila, m.a. AtVest. Við Jón Gísli munum hitta fulltrúa Reykhóla og Dala í Tjarnarlandi þar sem við fundum áfram um sameiginleg málefni.

Ég verð í fríi frá 11. – 18. apríl (páskar + 3 vinnudagar).

---

## Frá forstöðumanni áhaldahúss – Sigurður M Þorvaldsson

Búið er að vera heldur rólegt í veiði þennan mánuðinn ekki var landað nema um 10 tonnum á línu, 25 tonnum í grásleppunet, og Fönix landaði rúmum 4 tonnum af rækju, veðrið hefur aðeins verið að hrekkja sjómennina núna seinnipartinn í mars, en verður vonanadi betra í apríl.

Nú fara að koma skip með áburð sem verður víst heldur meira en í fyrra svo við fögnum því að fá meiri vöru í gegnum höfnina.

Annars hefur mars mánuður verið mikið unnið í slökkvistöð við ýmis verk s.s. komið öllum reykjöfunartækjum og búnaði í skoðun til Reykjavíkur, og náðum við að semja við úttekta aðila að koma við hjá okkur á næsta ári þegar hann er á leið hér um vestfirðina þá þurfum við ekki að vera senda dótið í burtu.

Eins höfum við farið töluvert í gegnum tilboð í tölvur fyrir skólann ásamt því að fara yfir tilboð í netbúnað og leyta eftir öðrum tilboðum í það.

---

### **Frá skrifstofustjóra - Salbjörg Engilbertsdóttir**

#### **Mars**

Ég náði í skottið á bókhaldinu fyrir sveitarfélagið þ.e. náði að bóka í nýja kerfið og flest á að vera klárt fyrir vsk uppgjör í byrjun apríl. Þetta gengur með góðri kennslu og aðstoð frá DK. Heiða vann sinn síðasta dag 31.3 og verður eftirsjá af henni, ekki kominn annar starfsmaður og hennar störf bætast á okkur Andreu tímabundið. Framundan í apríl er vinna við ársreikning 2016, koma áætlun 2017 í DK, gera upp vsk jan og febrúar og glíma við innheimtuna og annað sem Heiða hefur sinnt.

#### **Félagsheimili**

Góufagnaður, sjávarréttarkvöld Lions, fatamarkaður og Strandaganga voru viðburðir í mars m.a. og að auki fundir og æfingar Þjóðleiks. Framundan eru 2 fermingarveislur í apríl, árshátíð skólans. Leikfélagið er að miklu leiti flutt upp á loft. Verið er að kanna pípulagnir í húsinu og mögulegt skipti enda lagnir flestar sundurtærðar í kyndiklefa.

---

### **Frá félagsmálastjóra – María Játvarðardóttir**

Í mars var unnin skýrsla fyrir Hagstofu í málefnum fatlaðs fólks fyrir öll fjögur sveitarfélögin og einnig ársskýrsla fyrir BsVest.

Unnið var að undirbúningi fyrir ráðningu sumarstarfsfólks.

15.-16. Mars voru starfsdagar hjá BsVest í Heydal

Haldið var námskeiðið Uppeldi sem virkar, færni til framtíðar fyrir foreldra í Strandabyggð.

29. mars var fundur í Velferðarnefnd Stranda og Reykhólahrepps.

Annars voru hefðbundin störf í félagsþjónustu og Barnavernd fyrir svæði Félagsþjónustunnar.

4. apríl, 2017, María Játvarðardóttir, félagsmálastjóri.

---

### **Frá forstöðumanna Íþróttamiðstöðvar – Birna Karen Bjarkadóttir**

Aukaopnun var í sundlauginni vegna Strandagöngunar sem haldin var helgina 10. – 11. Mars. Á föstudeginum komu 80 manns í sund, en á laugardeginum komu 110 manns í sund. Kalla þurfti út auka starfmann vegna fjölda fólks. Helgin gekk engu að síður mjög vel.

Dagana 20. – 23. Mars kom Jón Pétur danskennari og kenndi grunnskóla og leikskóla börnum dans. Danssýning var haldin á Fimmtudeginum 23. Mars. Sýningin var vel sótt og mikið fjör var í salnum.

Þann 20. Mars rann umsóknarfrestur sumarstarfa í strandabyggð út. Það voru 7 umsóknir sem bárust inn hjá íþróttamiðstöðinni. Allir þeir sem sóttu um voru síðan boðaðir í sundpróf þann 28. Mars, ásamt fastráðnu starfsfólki. En sundlaugarverðir verða að taka sundpróf ár hvert.

Sundprófið gekk vonum framar og allir náðu prófinu, Sem er glæsilegt.

Þann 31. Mars voru perurnar í laugina settar í. En hleypla þurfti töluvert úr lauginni svo að hægt væri að koma ljósumum í. Þegar búið var að taka ljósin úr kom í ljós að perustæðin voru ónýtt á nokkrum ljósum. En ég er búin að senda póst á þá sem seldu okkur ljósin og á eftir að fá svar um ný perustæði. En laugin var lokuð fyrir almenning á meðan viðgerð stóð yfir. Pottar og gufa var hinsvegar opið.

Keypt var róðravél, tvíhöfða stöng, bozu ball, og upphýfingastöng í Flosaból. En mikil þörf var á endurnýjun tækja í Flosabóli. Enda mikil aukning á notkun þar.

Ég er búin að vera í símasambandi við Steinþór hjá Lotu. En hann er að vinna í því að gera okkur tilboð vegna öryggismeldingar í síma. Og kemur það von bráðar.

Það sem framundan er hjá okkur er undirbúningur fyrir sumarið. En gert er ráð fyrir því ef veður leyfir að opna barnalaugina um páskana. En panta þarf dúk yfir hana því gamli dúkurinn var ónýtur, en honum var hent seinasta haust.

Múrhúð á laugarbakka er mjög illa farin, flota þurfti laugarbakka fljótlega, Eða fyrir sumar.

Þann 5. Maí verður svo skyndihjálpar námskeið og björgun úr laug fyrir þá sem verða ráðnir í sumarvinnu hjá Íþróttamiðstöðinni.

Þakið er enn óklárað og ekkert hefur heyrst frá Verktakanum.

---

### **Frá leikskólastjóra – Aðalbjörg Signý Sigurvaldadóttir**

„Lubbi finnur málbein“ námskeið sem haldið var 3 mars var vel heppnað, góð mæting frá Drangnesi og Reykhólum. Við erum strax farin að nota efnið og hefur það gengið mjög vel.

Foreldraviðtöl voru haldin 15-17.mars og gátu flestir foreldrar nýtt sér þessa daga.

Alþjóðlega hamingjudaginn 20.mars kl.9.30 – 11 ákváðum við að bjóða eldri borgurum með okkur í Félagsheimilið og hafa gaman. Allir nemendur leikskólans og starfsfólk tóku þátt og var þetta ánægjuleg stund, sem ákveðið hefur verið að endurtaka og gera jafn vel að árvissum viðburð.

Danskennsla byrjaði 20.mars og var dansað í leikskólanum. Danskennslan er orðin árviss viðburður og hefur það verið Jón Pétur sem hefur séð um kennsluna, nemendur í tveimur elstu árgöngum leikskólans er boðin þessi kennsla gegn vægu gjaldi. Nemendur tóku svo þátt í danssýningunni sem haldin var 23.mars í Íþróttamiðstöðinni.

Alþjóðlegi Downs-dagurinn var 21.mars og klæddumst við þá mislitum sokkum í tilefni dagsins. Dagur einhverfra er svo 4.apríl og þann dag skörtum við einhverju bláu.

Núna í lok mars skiluðum við svo skýrslu vegna Þróunarverkefnisins „ Málþroski og læsi, færni til framtíðar. Leikskólastjóri fer með skýrsluna til kynningar á næsta fræðslunefndarfund.

Einn starfsmaður hætti núna 29.mars í fullu starfi en getur komið dag og dag okkur til aðstoðar. Ein umsókn kom við síðustu auglýsingu en umsækjandi dró hana til baka þar sem leikskólinn var ekki í því bæjarfélagi sem umsækjandi taldi hann vera. Tvær umsóknir hafa borist fyrir næsta starfsár.

Hafin er vinna við gerð skólanámsskrár og núna fljótlega fer vinna við skýrslu vegna grænfánans að hefjast.

---

### **Frá skólastjóra Grunn- og Tónskólans – Hrafnhildur Guðbjörnsdóttir**

Mánuðurinn hófst með skipulagsdegi starfsfólks og viðtalsdegi foreldra og kennara í framhaldi af honum.

Samræmd rafræn próf í 9. og 10. bekk voru haldin 7. og 9. mars í íslensku, ensku og stærðfræði. Allnokkur umræða var um prófin og hófst strax að loknu fyrra prófinu. Helst var rætt um að framhaldsskólar gætu fengið niðurstöður prófanna. Hluti hópsins leysti prófið á skrifstofu skólastjóra og hinn hlutinn í sérkennslustofu.

Nemendur í hönnunarvali tóku þátt í Stíl hönnunarkeppni Samfés og stóðu sig vel. Hönnunarvalið er sett upp sem stuðningur við þá nemendur sem vilja taka þátt í Stíl.

Nemendur í Þjóðleiksvali fóru á tækninámskeið í Varmahlíð og er það hluti af verkefninu Þjóðleikur sem er samstarfsverkefni Þjóðleikhússins og aðila á landsbyggðinni.

Nemendur í skólahreystivali fóru ásamt klapplið í íþróttahúsið í Garðabæ og kepptu þar í skólahreysti og stóðu sig vel. Skólahreysti er verkefni á landsvísu, aðeins fjórir skólar á Vestfjörðum taka þátt.

Nemendur í 7. – 9. bekk fjölmenntu í dreifnámið og fengu Hinsegin fræðslu frá Sauðárkróki.

Jón Pétur Úlfjótsson kom og kenndi dans í eina viku og hélt í lokin glæsilega danssýningu.

Magnús Baldursson sálfræðingur var með viðtalstíma í skólanum í lok mánaðar.

Pétur Ingi Björnsson frá Fjölneti hélt fund með skólastjóra, áhaldahússtjóra og sveitarstjórnarmönnum í skólanum og fjallaði þar um ýmsa kosti í tölvumálum.

Skólastjórar grunnskólanna á Reykhólum, Drangnesi og í Auðarskóla í Búðardal mættu á fund skólastjóra og áttu afar góðan fund. Ræddur var möguleiki á sameiginlegum fræðsludegi skólanna í ágúst auk ýmiss annars samstarfs.

Kennarar unnu að uppsetningu þemadaga, handritsgerð og skipulagi. Þema síðustu viku fyrir páska er: Blái hnötturinn eftir Andra Snæ Magnason og verður sýning í Félagsheimili föstudaginn 7. apríl klukkan 14:00.

Unnið er að skipulagi næsta árs, gerð skóladagatala og auglýsinga um störf.

Skólastjóri sat meðal annars fundi nemendavernarráðs og fund forstöðumanna sveitarfélagsins í Félagsheimili.

Forinnritun í framhaldsskóla stendur yfir frá 6. mars – 10. apríl en opnast síðan aftur 4. maí – 9. júní.

---

## Frá Slökkviliðsstjóra – Einar Indriðason

Skýrsla Slökkviliðs til sveitastjórnar fyrir mars 2017.

Æfing var haldin þann 04.03. Vinna við útkallsskýrslur og bjargir 112 stendur enn yfir. Dælubíllinn okkar bilaði enn og aftur á æfingunni og vorum við Siggi part úr tveim dögum að gera við hann, eftir að við fengum varahluti. Fleiri reykköfunartæki voru send til skoðunar og reyndust 2 kútar og einn maski ónýtir. Annað í mars var hefðbundið, að svara símtölum og póstum og undirbúa fund sem við Siggi förum á um mánaðarmótin. Nokkur tími hefur farið í athuganir við útvegum á öðrum dælubíl, og einnig hef ég verið í sambandi við Mannvirkjastofnun vegna skýrslu um ástand slökkviliðsins og hvernig við getum best brugðist við þeim athugasemdum sem þar koma fram.

---

## Frá tómsfundafulltrúa – Esthr Ösp Valdimarsdóttir

Efitfarandi hefur drifið á daga tómsfundafulltrúa í mars:

- **Samfelldur dagur** – Ekkert að fréttu, beðið eftir fundum á vegum sveitarstjórnarfulltrúa. Nú er orðið mjög brýnt að taka ákvörðun sem fyrst.
- **Breytingar í félagsheimili** – Leikfélagið er á lokametrinum í flutningum. Beðið er eftir staðfestri framkvæmdaráætlun.
- **Skipulag sumarstarfs** – Gengur vel með fyrirhugaðri samnýtingu starfsfólks og í samstarfi við Náttúrubarnaskólann.
- **Veraldarvinir** – Erindi býður umfjöllunar umhverfisnefndar.
- **Hamingjudagar** – Nokkur atriði eru þegar staðfest. Ég hef verið að heimsækja fyrirtæki og hvetja þau til þátttöku og fengið mjög jákvæðar viðtökur. Stefnt er að því að breyta hátíðinni svolítið, einblýna meira á hamingjuna, hafa fleiri sjálfstæða viðburði og sleppa sviðsdagskrá.

- **Hinseginfræðsla** – Ozon fékk hinseginfræðslu 9. mars. Fræðslan fór fram í FNV en við tókum þátt í gegn um fjarfundarbúnað. Fræðslan fór fram að frumkvæði áhugasams unglings í Ozon.
- **Ungt fólk skiptir máli** – 17. mars fór ég á frábæra ráðstefnu á vegum UMFÍ sem fjallaði um starf ungmennaráða og var lokahnykkur í stóru verkefni á vegum félagsins. Þarna komu saman fulltrúar ungmennaráða og umsjónarmenn þeirra alls staðar að af landinu. Línur ungmennaráðsstarfs voru skýrðar með vísan í stiga Hearts og barnasáttmálann sem vissulega þarf að fylgja betur eftir en samkvæmt honum er ekki spurning um að börn eigi alltaf að hafa eitthvað um ákvarðanir sem þau snerta að segja.
- **SamFestingur** – 21 unglingsur fór í ferð Ozon til Reykjavíkur. Ferðin heppnaðist vel og dagskráin var pökkuð, niðurstaðan er þó að næst sé betra að láta kosta meira en útdeila vasapeningum og eins að gista öll saman. Við það breytist þó að hingað til hafa starfsmenn ekki fengið borgað nema á meðan þeir eru með unglingsunum og heldur ekki dagpeninga.
- **Aðalfundir** – Ég hef fylgst með og heimsótt eftir bestu getu aðalfundi frjálsra félagasamtaka á svæðinu til að setja mig inn í málin og vera þeim til stuðnings. Þessar heimsóknir hafa gefist vel og eru án efa stuðningur við gott samstarf.

## Fastir liðir

- **Forvarnarteymi** – Beðið er eftir svári um styrk frá sveitarfélaginu og fræðslu frá Jóni Jónssyni.
- **Ungmennaráð** – Ungmennaráð fundaði 2. mars og vann úr niðurstöðum ungmennabings.
- **TÍM nefnd** – Fundaði 9. mars og fékk fulltrúa Rauða Krossins í heimsókn.
- **Ozon** – Opnanir eru á miðvikudagskvöldum. Vikulega hjá unglingsum og aðra hverja viku hjá miðstigi. Yngri hópurinn var með hefðbundna opnun, fór í Varúlf og hélt dragkvöld. Í mars var þögult diskó, kósýkvöld, fear factor, dragökubóð, foreldrafundur og spilakvöld hjá unglingsunum. Auk þess fór mikill tími og orka í æfingar fyrir söngkeppni Samfés og undirbúning og framkvæmd ferðar á SamFestinginn. Ozon stóð sig frábærlega í söngkeppni Samfés með glæsilega hljómsveit eftir þrotlausar æfingar og samstarf við Tónskólann. Alma var síðan í 2. sæti í borðtennismóti Samfés þar sem við áttum fjóra keppendur. Börn með sérþarfir hafa verið að sækja félagsmiðstöðina í auknum mæli enda höfum við verið að gera átak í að reyna að mæta þeim betur.
- **Félagsmálaval** – Fyrst og fremst skipulag Samfestings og æfingar fyrir söngkeppni.
- **Foreldrahittingar** – Fastur liður í hádeginu á miðvikudögum. Mikil ánægja er með hittingana og augljóst að þörf er á þeim.
- **Fjósið** – Fjósið er að taka við sér á nýjan leik og í mars voru tveir viðburðir á dagskrá og tveir hafa þegar verið skipulagðir í byrjun apríl. Áhuginn er fyrir hendi og unga fólkið sömuleiðis, hins vegar þarf að hvetja þau affram, stiðja við þau og hrósa fyrir það sem vel er gert.

## Verkefni í apríl

- **Skipulag sumarstarfs** – Í apríl verður opnað og lokað fyrir umsóknir í Vinnuskóla. Eins verður gengið frá því hver sinnir vinnuskóla og sumarnámskeiðum og hvernig það verður upp byggt.
- **Fullorðinsíþróttir [verkefni sem ekki hefur klárast]** – Það er ljóst að ég hef ekki tíma til að sinna þessu en gaman væri að opna fyrir tíma kl 20:30 og sjá hvort að það yrði til þess að enn fleiri nýttu húsið, til dæmis gæti verið að það myndi hleypa lífi í fullorðinsfótbolta eða fullorðinsfrjálsar sem ákveðinn hópur hefur áhuga á að stunda.
- **Kortlagning göngustíga og útivistasvæða [verkefni ekki hefur klárast]** – Nú er ég komin með kort í hendurnar. Næstu skref væri gott að vinna í samstarfi við Áhaldahús til að upplýsingar liggi sem skýrast fyrir fyrir sumarið.
- **Hamingjudagar** – Í apríl klára ég að tala við fyrirtæki á svæðinu og sömuleiðis frjáls félagasamtök um þátttöku á hátíðinni. Eins lýk ég við að ráða skemmtikrafta og set upp tillögu að dagskrá. Jafnframt þarf að gera kynningaráætlun á hátíðinni.

- **Ungt fólk og lýðræði** – Tveir fulltrúar ungmennaráðs taka þátt í þriggja daga ráðstefnu UMFÍ um ungt fólk og lýðræði 5.-7. apríl.
- **Fræðsluferð til Tallin** – 18.-21. apríl verð ég í fræðsluferð FÍÆT (Félags íþróttá-, æskulýðs- og tólmstundafulltrúa) í Tallin.
- **Aðalfundur Samfés** – Verður haldinn á Akureyri 27. og 28. apríl.

### Fastir liðir

- **TÍM nefnd** – Vegna anna verður ekki fundað í apríl.
- **Ungmennaráð** – Fundur ungmennaráðs verður 4. apríl og ráðgert er að halda síðasta ungmennaping ársins í lok apríl. Þar verður fjallað um fíkn.
- **Ozon** – Árshátíðarskipulag grunnskólans og langt páksafri gerir að verkum að minna verður um að vera nú en oft áður, eins kemur oft smá ró í starfið á landsvísu eftir SamFesting. Þó verða 3-4 opin hús hjá eldri hópnum, meðal annars heimsókn frá Reykhólum og Búðardal og vonandi vímuefnafræðsla og 1-2 opnanir hjá þeim yngri.
- **Félagsmálaval** – Nú þarf að spýta í lófana og skipuleggja vorið, flöskusöfnun, vonandi flutninga og síðast en ekki síst Galakvöldið. Það er því nóg fyrir stafni hjá þessum öflugum hópi.
- **Foreldrahittingar** – Foreldrahittingar halda áfram. Nú fer að fjölga nýfæddum börnum og viðbúið að hópurnir stækki, jafnframt þarf að skoða leiðir til að virkja feðurna. Með betra veðri og hækandi sól stefni ég á að hvetja nýbaka foreldra til útiveru.
- **Fjósið** – Nú þegar er kósýkvöld og pottaferð á döfinni, því er von á líflegum apríl.
- **Samfelldur dagur** – Vonandi liggja einhverjar ákvarðanir fyrir sem fyrst til að hægt verði að skipuleggja framhaldið en gott skipulag er lykillinn.

### Lokaorð

Annað sem gerðist í mars var að ég sagði starfi mínu lausu. Ég þakka ykkur öllum gott samstarf og treysti því að við munum flest vinna vel saman í framtíðinni og hlakka til að fylgjast með ykkur gera góða hluti.